

Kreppa og stríð 1930–1945

Að lesa og skilja ljóð

Eftirfarandi níu ljóð eru afar ólík. Öll (utan eins) eiga þau sameiginlegt að vera ort á tímum **kreppu og stríðs 1930–45**. Lestu þau yfir, veldu síðan fimm og svaraðu spurningunum sem fylgja hverju ljóði.

a.

Í draumi sérhvers manns

Í draumi sérhvers manns er fall hans falið.
Þú ferðast gegnum dimman kynjaskóg
af blekkingum sem brjóst þitt hefur alið
á bak við veruleikans köldu ró.

Þinn draumur býr þeim mikla mætti yfir
að mynda sjálfstætt líf sem ógnar þér.
Hann vex á milli þín og þess sem lifir
og þó er engum ljóst hvað milli ber.

Gegn þinni líkamsorku og andans mætti
og öndvert þinni skoðun reynslu og trú
í dimmri þögn með dularfullum hætti
rís draumsins bákn og jafnframt minnkar þú.

Og sjá, þú fellur fyrir draumi þínum
í fullkominni uppgjöf sigraðs manns.
Hann lýkur um þig löngum armi sínum
og loksins ert þú sjálfur draumur hans.
(Steinn Steinarr: *Ferð án fyrirheits*, 1942)

Til umhugsunar:

1. Ljóðið er býsna heimspekilegt með „drauminn“ í kastljósi. Segðu frá heimspekilegu vangaveltunum sem ljóðið flytur.
2. Hvar má finna þversögn í þessu ljóði? Útskýrðu hana nánar.
3. Hvað þýða orðin kynjaskógur, máttur, bákn og öndvert.

b.

Landráð

Þú ert ekki Íslendingur!
æpa þeir að mér,
ef ég sára saklaus vitni
sannleikanum ber.

Ekki mega iljar mínar
íslenskt snerta grjót,
ef ég blekkum bróður mínum
bendi á svikin ljót.

Ekki má mitt auga skoða
íslenskt blóm í hlíð,
ef ég harma örbirgð vora
ómenningu og stríð.

Ekki má mitt eyra hlusta
á íslenskt lindarhjal,
ef ég þrái að þekkja og boða
það sem koma skal.

„Báran kveður eins og áður
út við fjörusand –
en ég á orðið einhvern veginn
ekkert föðurland.“

(Jóhannes úr Kötlum: *Eilífðar smáblóm*, 1940)

Til umhugsunar:

1. Um hvað er verið að yrkja? Endursegðu með þínum orðum.
2. Finndu og útskýrðu ádeiluna í ljóðinu.
3. Hvers vegna er bitur ljóðmælandi látinn segja „en ég á orðið einhvern veginn ekkert föðurland“?
4. Hvar má finna hliðstæða endurtekningu í ljóðinu?
5. Hvað merkir orðið landráð? Tengdu titil ljóðsins við yrkisefni.

c.

Völuvísa

Eitt verð ég að segja þér áður en ég dey,
enda skalt þú börnum þínum kenna fræði mín,
sögðu mér það álfarnir í Suðurey,
sögðu mér það álfarnir í Norðurey,
sögðu mér það gullinmura og gleymmérei
og gleymdu því ei:
að hefnist þeim er svíkur sína huldumey,
honum verður erfiður dauðinn.

(Guðmundur Böðvarsson: *Landsvísur*, 1963)

Til umhugsunar:

1. Hvernig tengist þetta ljóð þjóðtrú? Ekki gleyma heiti ljóðsins.
2. Hver er huldumeyjan í ljóðinu?

d.

Hamingjubarn

Þú varst ánauðug ambátt
í ágætum skrúða,
fangi í fjötrum
fegurstu dúða,

umskiptingur
í álagaböndum,
viljalaust rekald
í vanans höndum.

Af hlekkjunum glitraði
gimsteinaljómi.
Þú varst hamingjubarn
að heimsins dómi.

(Margrét Jónsdóttir: *Laufvindar blása*, 1940)

Til umhugsunar:

1. Hver gæti verið í þessum sporum, þ.e. sem „ánauðug ambátt í ágætum skrúða“?
2. Andstæður eru mikilvægt stílbragð í ljóðinu. Gerðu nákvæmlega grein fyrir þeim.
3. Útskýrðu ádeiluna í ljóðinu.

e.

Grautur og brauð

Þeir börðust, þeir börðust um brauðið og grautinn,
því brauð og grautur er mannanna fæða.

Þeir hlupu, þeir stukku, þó hlykkjótt sé brautin
að hamingjulind vorra jarðnesku gæða.

Og einn fékk þar of lítið og annar meira en nóg,
og einn lést af fylli en hinn úr sulti dó.

að ráða slíka gátu er mönnum þyngsta þrautin.

Þannig hljóðar sagan um brauðið og grautinn.

(Steinn Steinarr: *Rauður loginn brann*, 1934)

Til umhugsunar:

1. Hver er ádeilan í þessu ljóði?
2. Hér má finna endurtekningar, hvaða? Hver er tilgangur þeirra?
3. Ljóðið geymir líka andstæður, hvaða?

f.

Sovét-Ísland

Sovét-Ísland

óskalandið

hvenær kemur þú?

Er nóttin ekki orðin nógu löng

þögnin nógu þung

þorstinn nógu sár

hungrið nógu hræðilegt

hatrið nógu grimmt?

Hvenær...?

(Jóhannes úr Kötlum: *Samt mun ég vaka*, 1935)

Til umhugsunar:

1. Þetta ljóð boðar byltingu, hvers konar?
2. Hvaða boðskap geymir ljóðið?
3. Hér leikur endurtekning stórt hlutverk. Finndu hana og segðu frá því hvaða áhrif hún hefur.

9.

Hanna litla

Hanna litla! Hanna litla!
Heyrirðu ekki vorið kalla?
Sérðu ekki sólskinshafið
silfurtært um bæinn falla?
Það er líkt og ljúfur söngur
líði enn um hjarta mitt,
ljúfur söngur æsku og ástar,
er ég heyri nafnið þitt!

Hanna litla! Hanna litla!
Hjartans barnið glaðra óma.
Ástaljóð á vorsins vörum.
Vorsins álfur meðal blóma.
Þín er borgin björt af gleði.
Borgin heit af vori og sól.
Strætín syngja. Gatan glóir.
Grasið vex á Arnarhól.

Hanna litla! Hanna litla!
Herskarar af ungum mönnum
ganga sérhvern dag í draumi,
dreyma þig í prófsins önnum.
Og þeir koma og yrkja til þín
óðauðlegu kvæðin sín.
Taka núll í fimm, sex fögum
og falla – af tómri ást til þín.

Svona er að vera seytján ára
sólskinsbarn með draum í augum,
ljúfan seið í léttu brosi,
leynda þrá í ungum taugum.
Heimurinn dáir Hönnu litlu.
Hanna litla á alla tíð
konungsríki í hverju hjarta.
Hún er drottning ár og síð.

Hanna litla! Ég veit að vorsins
vináttu þú aldrei missir.
Og þú verður alla tíma
ung og – saklaus, þótt þú kyssir.
Gríptu dagsins dýra bikar.
Drekktu örugg lífsins vín.
Nóttin bíður björt og fögur.
Borgin ljómar. Sólin skín.

(Tómas Guðmundsson: *Fagra veröld*, 1933)

Til umhugsunar:

1. Hver er hugblærinn í ljóðinu?
2. Hvers konar stílbragð má finna í eftirfarandi:
 - a. heyrirðu ekki vorið kalla?
 - b. sérðu ekki sólskinshafið?
 - c. strætín syngja?
 - d. heimurinn dáir Hönnu litlu?
3. Hanna gæti verið táknmynd fyrir eitthvað, hvað?

h.

Í nótt kom vorið

Í nótt hefur vorið verið á ferli.
Og vorið er ekki af baki dottið,
því áður en fólk kom á fætur í morgun
var fyrsta grasið úr moldinni sprottið.

Og eins eru stelpurnar vaxnar sem voru
í vetur svo litlar, að enginn sá þær,
og hreyknir strákar sem fermdust í fyrra,
þeir fara hjá sér þegar þeir sjá þær.

Nú ganga þær hlæjandi guðslangan daginn.
Sjá, göturnar fyllast af Ástum og Tótum
með nýja hatta og himinblá augu,
í hvítum kjólum og stefnumótum.

Og mennirnir verða viðmótsþýðir,
því veröldin hitnar og loftin blána.
Óvinir bera byrðar hvers annars
og bankarnir keppast um það að lána.

En sumir halda að hausti aftur.
Þá hætta víst telpur og grös að spretta
og mennirnir verða vondir að nýju,
því víxlarnir falla og blöðin detta.

(Tómas Guðmundsson: *Fagra veröld*, 1933)

Til umhugsunar:

1. Finndu tvær persónugervingar.
2. Finndu andstæður og útskýrðu þær.
3. Hvað gætu árstíðirnar haust og vor táknað?
4. Hver gæti verið boðskapurinn í ljóðinu?

i.

Fyrsta jurt vorsins

Vorið í dalnum opnar hægt sín augu,
– yljár á ný með vinarbrosi ljúfu.
Eins og þá barnið rís af rökkursvefni,
rauðhvítar stjörnur ljóma á grænni þúfu.

Augasteinn vorsins, lambagrasíð litla,
löngum í draum sá ég þig í vetur.
Guði sé lof, að líf þitt blómstrar aftur,
líkt þeirri von sem aldrei dáíð getur.

Viðkvæmu blöð, ó, feimna holtsins fegurð,
fagnandi hér ég stend og einskis sakna;
– nú skal ég aldrei tala um fátækt framár,
fyrst ég má ennþá horfa á yður vakna.
(Jóhannes úr Kötlum: *Eilífðar smáblóm*, 1940)

Til umhugsunar:

1. Finndu persónugervingar, viðlíkingar og myndhverfingar og útskýrðu.
2. Hver er vonin?

j.

Haustið er komið

Haustið er komið handan yfir sæinn,
hvarmaljós blárrar nætur dökkna af kvíða
og þungar slæður hylja hárið síða,
hárbrimið gullna er lék sér frjálst við blæinn

og seiddi í leikinn sólskinsrjóðan daginn;
nú sest hann grár og stúr og upp til hlíða
og veit að það er eftir engu að bíða,
allt gengur kuldans myrka valdi í haginn.

Hann heyrir stráin fölna og falla, sér
fuglana hverfa burt á vængjum
þöndum,
blómfræ af vindum borin suður höf

og brár hans lykjust aftur; austan fer
annarleg nótt og dimm með sigð í
höndum
með reidda sigð við rifin skýjatröf.
(Snorri Hjartarson: *Kvæði*, 1944)

Til umhugsunar:

1. Hvað heitir bragarháttinn sem ljóðið er ort undir?
2. Útskýrðu orðin hvarmaljós, hárbrim, brár, annarleg, sigð, skýjatröf og segðu hvaða myndmál er falið í þeim.
3. Skoðaðu litarorðin, tíndu til þrjú þeirra.
4. Hér er verið að lýsa haustkomu – hvaða tilfinningu má lesa út úr ljóðinu?

k.

Dagarnir

Dagarnir koma sem blíðlynd börn
með blóm við hjarta.
Ljúfir og fagnandi lyfta þeir höndum
mót ljósinu bjarta.

Og verði þeir þreyttir með liti og ljós
að leika og sveima
við móðurbarm hinnar brosmildu nætur
er blítt að dreyma.

Þá lægist hver stormur, stundin deyr
og stjörnurnar skína.
Og jörðin sefur og hefur ei hugboð
um hamingju sína.

(Tómas Guðmundsson: *Við sundin blá*, 1925)

Til umhugsunar:

1. Í ljóðinu má finna persónugervingar og viðlíkingar, finndu þessi stílbrögð.
2. Finndu nýrómantísk einkenni í ljóðinu.